

## Líffræði 5. og 6. bekkur

Kennarar: Sigrún Benediktsdóttir; Trostan Agnarsson

5, 6

## Lýsing

Farið verður í grunnatriði mannlíkamans eins og stoðkerfi, blóðrásarkerfið, öndunarferi og sjón. Fjallað er um helstu hlutverk líffærafanna, virkni og hvað getur hrjád okkur.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bókin Náttúrulega er grunnbók í líffræði. Hún skiptist í tvo hluta, verkefnabók og lesbók. Fjallað er um efni hennar í fyrirlestrum og með umræðum. Horft er á skýringarmyndbönd eftir því sem við á.

Tekin eru dæmi héðan og þáðan úr hinu daglega lífi til þess að skýra betur það sem um ræðir, en eins og gefur að skilja hefur margt áhrif á líf okkar, líðan og virkni líkamans.

Reglulega eru hafðar umræður um efnið. Talað um lykilhugtök og lykilorð sem reynt er að festa í minni á margan hátt, enda endurtekningin mikilvæg.

Nemendur fá að vinna sjálfstætt og á eigin hraða í sumum verkefnum, annars staðar vinna þeir með öðrum og þjálfá þá samvinnuhæfnina.

## Námsaðlögun

Bent er á hjálpargögn, m.a. hljóðbækur sem geta nýst við að meðtaka efnið.

## Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu. Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi: \* Framúrskarandi √ Hæfni náð ∠ Á góðri leið ○ Þarfnast þjálfunar X Hæfni ekki náð Námsmat sem notað er sem lokamat er: A = Framúrskarandi B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða B = Góð hæfni og frammistaða Varmahlíðarskóli 2022-2023 C+ = Á góðri leið C = Sæmileg hæfni og frammistaða D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

### VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Geta til aðgerða

- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.

### VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.

### VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi.

### VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Lífsskilyrði manna

- Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- Þekki mismunandi gerði vöðva og hvar þá er að finna.
- Þekki meltingarfærin og geti útskýrt hvernig meltnng fer fram og hvernig við nýtum fæðuna.
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- Þekki öndunarfærin og geti lýst öndun.
- Viti hvert hlutverk beinagrindarinnar er sem og liðamóta.
- Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
- Þekki mismunandi lög húðarinnar og hlutverk hennar.